

# Læknafélag – fyrir hverja og hvers vegna?

Í ÞEIM UMRÆÐUM sem fylgt hafa í kjölfar ályktana síðasta aðalfundar Læknafélags Íslands hafa meðal annars komið upp athugasemdir við skipulag félagsins og hefur verið haft á orði að núverandi fyrirkomulag sé gengið sér til húðar og aðrir látið að því liggja að ákvarðanataka og stefnumörkun séu ólýðræðisleg. Í ljósi þessa er vert að staldra við og skoða málið.

Fulltrúalýðræði eins og ríkir í Læknafélagi Íslands er vel þekkt fyrirbæri hér á landi og hefur dugað okkur Íslendingum ágætlega við stjórn landsins. Það að fulltrúar séu kosnir af svæðafélögum en ekki með öðrum hætti, til dæmis sérgreinafélögum, er vissulega að hluta til arfur frá eldri tíð en hins vegar er það svo að vegna þess hversu Læknafélag Reykjavíkur er miklu stærra en öll önnur svæðafélög og því með svo stóran hluta aðalfundarmanna er ekki verið að traðka á rétti einstakra félagsmanna. Það er vissulega til stöð í lögum Læknafélags Íslands að menn geti veitt sérgreinafélögum að fara með umboð sitt á aðalfundi en ef það yrði almennt notað get ég vel ímyndað mér að aðalfundarfulltrúar kæmu fyrst og fremst af höfuðborgarsvæðinu og samkoman yrði einsleit.

Nei, ég held að skipulag Læknafélags Íslands sé ekki ólýðræðislegt. Það sem er mesta hótunin við lýðræði í okkar félagi er áhugaleysi félagsmanna á störfum innan félagsins. Því miður er það svo að eftirspurn eftir starfskröftum er nánast alltaf meiri en framboðið og þekking margra á störfum félagsins er lítil sem engin. Þetta er ekkert einsdæmi hjá Læknafélagi Íslands og vel þekkt hjá öðrum félögum en sú grundvallarregla gildir hjá okkur sem annars staðar að ef menn vilja hafa áhrif á stefnu og ákvarðanir félagsins þá ber að gera það innan frá eftir lýðræðislegum leiðum.

Hlutverk Læknafélags Íslands er í mínum huga þrenns konar:

- Í fyrsta lagi er Læknafélagið stéttarfélag sem gerir kjarasamninga og fylgir þeim eftir ásamt því að aðstoða félagsmenn í málum sem upp

geta komið varðandi slík mál sem og önnur er tengjast starfi þeirra. Þetta hlutverk tel ég afar mikilvægt og hef lýst því áður hér að ég telji þessum málum best fyrirkomið með sameinuðum hópi allra lækna.

- Í öðru lagi er félagið pólitískt og hefur stefnu og skoðanir á málum, sérstaklega þeim sem varða heilbrigði og heilsuvernd. Þetta starf er oft ekki vel sýnilegt en í þessu felast meðal annars umsagnir um lagafrumvörp og vinna í vinnuhópum á vegum ríkisins um mótun heilbrigðisstefnu. Um þetta hlutverk trúi ég varla að sé mikill ágreiningur meðal félagsmanna.
- Í þriðja lagi er Læknafélag Íslands fagfélag og kemur meðal annar að læknaöögum og rekstri Læknaþlaðsins. Þessi hluti starfsins er líka að hluta til í höndum sérgreinafélaganna og er ekkert óeðlilegt við það enda eru að mínu viti sérgreinafélögin einna best í stakk búin til að skipuleggja og halda utan um endur- og símenntun sinna félagsmanna.

Ekki er með þessu fulltalið allt sem gerist innan félagsins en þetta eru meginatriðin.

Að lokum þetta: Eflaust hefur ekki farið framhjá neinum sem fylgst hefur með fjölmiðlum undanfarið að einum félagi í Læknafélagi Íslands hefur verið sagt upp störfum á ólöglegan hátt. Dómur hefur fallið í því máli en atvinnurekandinn hefur tekið þá afstöðu að hunska dóminn og væntanlega að eyða peningum skattborgara í að greiða skaðabætur í kjölfarið. Afstaða Læknafélags Íslands sem stéttarfélags hlýtur og verður að vera að fordæma svona framkomu og berjast gegn svona gerningi með öllum löglegum ráðum. Félagsmenn eiga að standa að baki þess sem fyrir brotinu verður. Þeir sem ekki gera það mega stara á tær sínar með roða í kinnum. Við Íslendingar ættum að vita það manna best að skjótt getur skýdregið fyrir sólu.



Sigurður E.  
Sigurðsson

Höfundur er  
varaformaður stjórnar LÍ.

Í pistlunum Af sjónarhóli  
stjórnar birta stjórnarmenn LÍ  
sínar eigin skoðanir en ekki  
félagsins.